


Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrúkur



Reykjavík, 10. október 2012
Tilvísun: UST20110900138/edk

Gögn móttekin - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 13. mars 2012 þar sem áformað var að leggja dagsektir á Sveitarfélagið Skagafjörð vegna sjö frávíka frá kröfum sem gerðar eru til urðunarstaða í lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs, og í lögum 33/2004 um mengun hafs og stranda.


Á fundi 16. apríl 2012 urðu starfsleyfishafi og Umhverfisstofnun sammála um að heppilegra væri að loka urðunarstaðnum á Skarðsmóum og koma urðun sláturúrgangs í annan farveg frekar en að leggja í framkvæmdir og tilkostnað til að láta urðunarstaðinn uppfylla kröfur um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu, sem eitt fráviknið snérist um. Áætlun sveitarfélagsins um að hætta urðun á Skarðsmóum frá 1. október 2012 var samþykkt af Umhverfisstofnun í bréfi dagsettu 10. maí 2012.


Á mánuðunum á eftir bærust staðfestingar á fullnægjandi úrbótum á öllum frávikum nema því sem varðaði jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu, og voru úrbæturnar hinna frávikanna staðfestar sem fullnægjandi af hálfu Umhverfisstofnunar með frestun álagningar dagsekta, sbr. bréf dagsett 2. apríl, 18. apríl, 10. maí, 31. maí og 10. ágúst 2012.

Þann 3. október 2012 barst Umhverfisstofnun lokunaráætlun vegna urðunarstaðarins á Skarðsmóum ásamt staðfestingu frá sveitarstjóra um að urðun þar hafi verið hætt og sláturúrgangi sé nú ekið til urðunar í Stekkjarvík. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun rétt að falla frá kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu þar sem staðurinn er nú kominn í lokunarferli. Umhverfisstofnun staðfestir hér með að eftirfylgni vegna þeirra frávíka sem komu fram í bréfi dagsettu 13. mars 2012 er nú lokið og fallið er frá áformum um álagningu dagsekta.

Umhverfisstofnun mun fara yfir lokunaráætlunina og svara henni formlega á komandi mánuðum. Stofnunin mælist til þess að í millitíðinni vinni sveitarfélagið í samræmi við áætlunina.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
sviðsstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri